

Brunavarnir Rangárvallasýslu b.s.

Fundargerð

Aðalfundur Brunavarna Rangárvallasýslu b.s. haldinn í Félagsheimilinu Hvoli, Hvolsvelli, fimmtudaginn 28. ágúst 2014 kl. 11:00

Mættir: Ágúst Ingi Ólafsson, Ágúst Sigurðsson, Nanna Jónsdóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Böðvar Bjarnason, slökkviliðsstjóri og Anton Kári Halldórsson, skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings eystra.

Ágúst Ingi Ólafsson setti fundinn.

Þetta gerðist:

1. Tilnefning fundarstjóra.

Stungið upp á Ágústi Inga Ólafssyni. Samþykkt samhljóða.

2. Tilnefning fundarritara.

Stungið upp á Ágústi Sigurðssyni. Samþykkt samhljóða.

3. Skýrsla stjórnar og ársreikningur 2013.

Ágúst Ingi lagði fram skýrslu stjórnar og ársreikning Brunavarna Rangárvallasýslu bs. fyrir rekstrarárið 2013.

Rekstrarreikningur:

| | |
|---------------------------|----------------|
| Rekstrartekjur | kr. 24.749.998 |
| Rekstrargjöld | kr. 24.588.045 |
| Fjármagnstekjur | kr. 214.011 |
| Rekstrarniðurstaða, hagn. | kr. 375.604 |

Efnahagsreikningur:

Eignir:

| | |
|------------------------------|----------------|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | kr. 18.762.164 |
| Veltufjármunir | kr. 11.892.686 |

Eignir samtals kr. 30.654.850

Eigið fé og skuldir:

| | |
|------------------|----------------|
| Eigið fé | kr. 29.342.871 |
| Langtímaskuldir | kr. 0 |
| Skammtímaskuldir | kr. 1.311.979 |
| Skuldir samtals | kr. 1.612.874 |

Eigið fé og skuldir samtals kr. 30.654.850

Ársreikningur borinn upp til samþykktar. Samþykktur samhljóða.

Stjórnarformaður þakkaði stjórn og starfsmönnum fyrir samstarf á árinu. Ákveðið að ný stjórn myndi heimsækja slökkviliðin, skoða búnað og aðra aðstöðu og síðan í framhaldinu halda samráðsfund með slökkviliðunum og fara sameiginlega yfir málin.

4. Tillaga um laun stjórnarmanna:

Laun stjórnarmanna verði 2% af þingfararkaupi nú kr. 13.029.- fyrir hvern fund og laun stjórnarformanns verði 4% af þingfararkaupi nú kr. 26.058.- fyrir hvern fund, Auk þess verði greiddur akstur samkvæmt ríkistaxta.

Samþykkt samhljóða.

5. Ákvörðun um breytingu á samþykktum samlagsins ef tillaga um það hefur komið fram með löglegum fyrirvara sbr. 7. gr.

Engar tillögur lágu fyrir um breytingar á samþykktum samlagsins

6. Kosningar.

Stjórn, aðal- og varamenn.

Tillaga um aðalmenn í stjórn:

Ágúst Ingi Ólafsson, Rangárþingi eystra
Ágúst Sigurðsson, Rangárþingi ytra
Björgvin G. Sigurðsson, Ásahreppi

Samþykkt samhljóða

Tillaga um varamenn stjórnar:

Ísólfur Gylfi Pálmason, Rangárþingi eystra
Sólrun Helga Guðmundsdóttir, Rangárþingi ytra
Jakob S. Þórarinsson, Ásahreppi

Samþykkt samhljóða

Löggiltur endurskoðandi/endurskoðunarfyrtæki.

Tillaga um endurskoðunarfyrtæki og endurskoðanda:

KPMG endurskoðun hf., Einar Sveinbjörnsson, löggiltur endurskoðandi.

Samþykkt samhljóða

7. Önnur mál.

- Ályktun frá Landssambandi Slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna um starfsmannamál lögð fram til kynningar.

- Formaður lagði fram yfirlit um rekstur það sem af er ári 2014. Rekstur er í góðu jafnvægi.

-Rætt um nauðsyn þess að koma á reglubundinni skráningu brunavarnaupplýsinga og reglubundnu eldvarnareftirliti. Lögð fram drög að gjaldskrá sem gæti verið grunnur að fjármögnun á slíkum reglubundnum brunavörnum. Ákveðið að senda drögin til sveitastjórna til umfjöllunar og ákvarðanatöku.

-Rætt um hvort skoða ætti brunavarnir Rangárbings í stærra samhengi á Suðurlandi og leita víðtækara samstarfs við nágrannasveitarfélög. Stjórn falið að vinna málið áfram.

-Vinna þarf áfram að gerð brunavarnaráætlunar fyrir svæðið.

Fundargerð yfirlesin og samþykkt

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:40